

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 21. október 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Tillagan gerir ráð fyrir að félags- og húsnæðismálaráðherra hefji vinnu við útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili í samráði við hlutaðeigandi aðila. Við útreikninginn verði tekið tillit til húsnæðiskostnaðar auk þeirra þátta sem núverandi neysluviðmið byggjast á. Horft verði til mismunandi búsetuforma og staðsetningar húsnæðis.

Samtökin leggjast gegn samþykkt tillögunnar og liggja til þess eftirfarandi rök:

Í greinargerð er vakin athygli á að tilgangurinn með smíði neysluviðmiða er að veita heimilum í landinu aðgang að viðmiðum til hliðsjónar við áætlun eigin útgjalda. Auk þess geta þau komið að notum við fjárhagsráðgjöf fyrir einstaklinga og verið til hliðsjónar um fjárhæðir sem tengjast framfærslu. Neysluviðmið eru hvorki endanlegur mælikvarði á hvað telst nægjanleg neysla einstakra heimila né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris.

Núverandi neysluviðmið sem birt eru á vef félags- og húsnæðismálaráðuneytis er byggt á skýrslu sérfræðingahóps frá 2011. Síðan hafa þau verið uppfærð þrívægis. Við gerð viðmiðanna var stuðst við rannsóknir Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Rétt er að hafa í huga að neyslukönnun Hagstofunnar er ekki áætlun um lágmarks framfærsluþörf heldur könnun á neysluútgjöldum heimilanna eins og þau eru að meðaltali. Líkt og hjá nágrannaþjóðunum eru húsnæðisútgjöld undanskilin með þeim rökum að sá kostnaður sé of breytilegur, t.d. eftir búsetuformi og staðsetningu húsnæðis, til þess að setja megi raunhæf viðmið.

Neysluviðmið hafa ekki verið notuð hér á landi við ákvörðun opinberra framfærslustyrkja enda felst í neysluviðmiðum hvorki endanlegur sannleikur um neyslu einstakra heimila né hvað einstaklingar eða einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris. Ákvarðanir um fjárhæðir bóta og breytingar á þeim hafa gjarnan tekið mið af umsömdum lágmarkslaunatöxtum og launaþróun í landinu. Neysluviðmið hafa hins vegar verið notuð við greiðslumat, ákvörðun námslána og við ráðgjöf til heimila í greiðsluvanda. Viðmiðunarneysla er reiknuð af opinberum stofnunum í ýmsum ríkjum og er notkunin einkum bundin við greiðslumat fjármálafyrirtækja á lántakendum og ráðgjöf til heimila í greiðsluvanda.

Í ljósi framangreinds verður ekki séð að ástæða sé til að hefja vinnu við gerð nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

